

Fundargerð

Miðvikudaginn 12. janúar 2021 kl. 13:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

1. Strandabyggð

Lögð voru fram til umfjöllunar drög að samkomulagi milli innviðaráðherra og sveitarstjórn Strandabyggðar um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit á grundvelli 2. mgr. 83. gr laga nr. 138/2011. Samkomulagið er framhald á fyrra samkomulagi aðila frá 30. Mars 2021 sem Strandabyggð hefur unnið eftir á árinu 2021. Sveitarstjórn Strandabyggðar óskaði eftir við ráðuneytið um að framlengja samkomulagið.

Fram kemur í drögum á nýju samkomulagi að markmiðið sé að stuðla að áframhaldandi vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri Strandabyggðar og stuðla að því að ná fjárhagslegum viðmiðum sveitarstjórnarlaga á árunum 2022-2025. Sveitarstjórn Strandabyggðar er skylt að fylgja eftir samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árin 2022 og 2023. Komi til þess að gera þurfi viðauka þarf að tilkynna það til EFS. Samhliða samkomulaginu mun sveitarfélaginu veitt heimild frá ráðherra að hækka álagningu útsvars í 14,95%. Jafnframt mun Strandabyggð fá úthlutað 65 m.kr. framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á gildistíma samkomulagsins á grundvelli tillagna frá Ráðrík ráðgjöf. Gildistími samkomulagsins er til 31. desember 2023.

EFS hefur farið drögin og mælir með að gert verði samkomulag milli innviðaráðherra og sveitarstjórn Strandabyggðar. Nefndin liggur til að bætt verði eftirfarandi lið í 3. gr. samkomulagsins er varðar markmiðin: Stuðla að því að sveitarfélagið hafi fjárhagslega getu til að sinna eðlilegu viðhaldi eigna og nauðsynlegum fjárfestingum.

2. Önnur mál

Enginn önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar 20. janúar nk.